

3. kafli

Mannréttindi

JÁ NEI

Nokkrar spurningar:

- | | | |
|---|--------------------------|--------------------------|
| 1. Hefur þú fengið fræðslu um barnasáttmálann í skólanum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 2. Er tekið mark á því sem nemendur hafa til málanna að leggja í skólanum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 3. Er ungmennaráð í þínu sveitarfélagi þar sem þú getur boðið fram krafta þína? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 4. Mega samkynhneigðir ganga í hjónaband í þínu landi? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 5. Er landið þitt aðili að mannréttindasamningi Sameinuðu þjóðanna? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 6. _____ | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 7. _____ | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 8. _____ | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

Þú – Hvað getur þú gert?

- Kynnt þér hvað mannréttindi eru
- Lesið barnasáttmálann og skoðað hvaða réttindi þú hefur til 18 ára aldurs
- Rætt við fjölskyldu þína og vini um mannréttindi og látið vita ef þú telur að brotið sé á mannréttindum einhvers sem þú þekkir

Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Gefið fjölbreyttum hópi nemenda tækifæri til þess að hafa áhrif á skóla-
starfið, t.d. í gegnum nemendaráð og skólaráð
- Frætt nemendur um mannréttindi og barnasáttmálann og fengið nemendur
til þess að vinna skólaverkefni um málefnið
- Tekið þátt í alþjóðlegum skólaverkefnum sem fjalla um mannréttindi og
réttindi barna, til dæmis í gegnum UNICEF

Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Ríkið getur gætt þess að mannréttindi fólks í landinu séu virt með því að
setja lög um það
- Stjórnvöld geta passað upp á að loforðum um mannréttindi fylgi nægur
peningur til þess að standa við gefin loforð.
- Ríki og sveitarfélög geta leitað til ólíkra hópa samfélagsins og fengið þau
til að hafa áhrif á stefnu þeirra